

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 8. nóvember 2024
UST202410-114/A.B.
10.04.00

Efni: Drög - Umsögn um tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands - Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að vegum í náttúru Íslands í sveitarfélaginu í samræmi við 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum varðandi áframhaldandi vinnu sveitarfélagsins á framfæri.

Afmörkun vega

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að nokkuð er um skilgreinda vegi sem eru óljósir í landslagi, hafa engan áningarstað, augljósan endi og/eða snúningsplan. Þetta getur orðið til þess að þar sem vegur endar eykst hættu á utanvegaakstri. Þar má nefna vegi sem eru nefndir vegir að sandi, Háöldukvísl, vegur að jökli, þar sem legan er óviss og hafa *hlutverkið* gamlir vegir. Vegirnir hafa númerin 2,4,5,6 og 32 (smölun) svo eitthvað sé nefnt. Dæmi um veg sem hefur áningastað er vegur nr. 36, Miklagljúfur (Múlagljúfur), þar sem virðist vera lítið bílastæði og þaðan er gönguleið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 3. gr. reglugerðar um vegi í náttúru Íslands þar sem segir: „*Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.*“

Samhliða vegir

Umhverfisstofnun leggur til, ef við á, að felldir séu út vegir sem liggja samhliða öðrum vegi og liggja að sama áningarstað. Þetta er t.d. vegur að Breiðamerkurlóni (39).

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að nokkrir vegir sem hafa engan ákveðin áningarstað líkt og fjallað er um hér að ofan og liggja einnig að og í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þetta eru vegir t.d. númer 9 (reyndar neyðarskýli), 22, 27, 33 og 92. Þessir vegir geta veldið raski á votlendum og viðkvæmum gróðri.

Friðlýst svæði

Innan sveitarfélagsins eru friðlýstu svæðin Lónsöræfi sem er friðland og Díma í Lóni sem er náttúruvætti. Umhverfisstofnun bendir á að allur akstur vélknúinna ökutækja er óheimill innan náttúruvættisins. Því þarf að skoða vel veg (115) sem liggur innan eða við náttúruvættið, en hann er mjög óljós á loftmyndum. Umhverfisstofnun bendir á að skoða hvort það ætti einungis að vera ein aðkoma vestan megin við náttúruvættið.

Í friðlýsingunni fyrir náttúruvættið segir að mörk svæðisins miðast við Jökulsá að vestan en að sunnan og austan við akslóð á sandinum sem liggur þvert á fyrirhleðslugarð um 35 m sunnan við klettaborgina og frá henni nær hornrétt í norður, skemmst í um 15 m fjarlægð frá klettinum og áfram beint norður í Jökulsá.

Umhverfisstofnun vill auk þess vekja athygli á vegi nr. 127 sem liggur innan við og á jaðri friðlýsingamarka Lónsöræfa þar sem vegur er á stórum kafla ógreinilegur og óljós, en greinilegir slóðar sjást á loftmyndum sem eru annars staðar.

Umsagnir - Samþykki

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin er hér með að veita umsögn varðandi drög að vegum sem liggja innan eða við friðlýst svæði og með þessari umsögn er stofnunin ekki að veita samþykki fyrir henni. Vegaskrá er háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landsvæði sem liggja innan friðlýstra svæða sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013.

Vegir á sandi og í áraurum

Gert er ráð fyrir vegum sem eru á sandi, strönd eða í áreyrum. Í þessu samhengi vill Umhverfisstofnun benda á að í 3. mgr. 32. gr. náttúruverndarlaga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá megi líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða. Hætta er á utanvegaakstri með því að setja ógreinilegan veg í vegaskrá, eða vegi sem sjást ekki.

Samráð

Umhverfisstofnun óskar eftir að koma frekar að verkefninu á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri